



Fundargerð

Fundur í umhverfis- og náttúruverndarnefnd Reykhólahrepps
Þriðjudaginn 29. mars 2016 kl. 20.

Fundarstaður: Stjórnsýsluhúsið, Maríutröð 5a, Reykhólum.

Mætt: Sandra Rún Björnsdóttir, Ásta Sjöfn Kristjánsdóttir og Gústaf Jökull Ólafsson. Einnig sat fundinn Ingibjörg Birna Erlingsdóttir og ritaði fundargerð.

Jón Þór Kjartansson sat fundinn sem gestur undir lið 4.

Formaður bauð fólk velkomið á fundinn og leitaði afbrigða að taka mál 4 fyrst á dagskrá vegna Jóns Þórs, var það samþykkt samhljóða, einnig var samþykkt samhljóða að taka eitt mál fyrir undir liðinn önnur mál.

Dagskrá

Mál til afgreiðslu:

1. Fundargerð umhverfis- og náttúruverndarnefndar 11. janúar 2016.

Farið yfir fundargerðina og hún samþykkt samhljóða.

2. 1304010 – Hunda- og kattahald á Reykhólum, gjaldskrá og eftirlit.

Málinu frestað. Samþykkt samhljóða.

3. 1603011 – Umhverfisdagurinn 2016.

Ákveðið að umhverfisdagurinn verði 7. maí, hvatt verði til hreinsunar í þorpinu og sveitinni, grillað í lokin. Samþykkt samhljóða.

4. 1603012 – Endurvinnslusvæði, flokkun sorps. (Gestur Jón Þór Kjartansson).

Farið yfir minnispunkta frá Gámaþjónustu Vesturlands varðandi endurskoðun á samningi við fyrirtækið, þar sem fram koma þrjár tillögur að breytingum, vegna þjónustu við Djúpadal að Klettshálsi og tillaga vegna flutnings á málm. Nefndin leggur til við sveitarstjórn að ræddur verði möguleiki 1 við Gámaþjónustuna fremur en aðrir möguleikar. Samþykkt samhljóða.

Auglýsa þarf á vef sveitarfélagsins að moltugerð sé hafin að nýju eftir langt hlé, kynna þarf flokkunina íbúum á ný.

Jón Þór fór yfir opnunartímann á endurvinnslusvæðinu, loka þarf svæðinu og því spurning hvernig opnunartími skuli verða. Ásta Sjöfn lagði fram tillögu að íbúafundi varðandi flokkun og opnunartíma svæðisins.

5. 1601007 – Starfsleyfi fyrir geymslustaði fyrir flokkaðan úrgang.

Útgefið starfsleyfi til kynningar.

Til kynningar.

6. 1603013 – Óheimilar auglýsingar meðfram vegum og annars staðar utan þéttbýlis.
Erindi frá Umhverfisstofnun dagsett 15. janúar 2016.

Til kynningar.

Önnur mál (ef einhver):

7. **Nytjagámar.**

Ásta Sjöfn ræddi um möguleika á að koma fyrir nytjagámi á endurvinnslusvæðinu, þar sem hægt verði að koma fyrir hlutum og raftækjum sem má endurnýta.

Farið yfir fundargerð, fundi slitið kl. 21.33.

_____	_____
_____	_____
_____	_____